

Alþingi
Erindi nr. P 150/2439
komudagur 30.4.2004

VÍSINDANEFND

Vísinda- og tækniráðs

Landbúnaðarnefnd
Alþingi
Bt Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
150 Reykjavík

Reykjavík 28. apríl 2004

Landbúnaðarnefnd hefur sent vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs tvö mál til umsagnar: Frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, mál nr. 878, og frumvarp til laga um búnaðarfræðslu, mál nr. 879.

Á fundi sínum 28. apríl 2004 fjallaði vísindanefnd um þessi erindi og komst að eftirfarandi niðurstöðu:

Í samþykkt Vísinda- og tækniráðs um samþykktar Vísinda- og tækniráðs um vísinda- og tæknistefnu frá 18. desember 2003 er fjallað um rannsóknir í háskólum og hlutverk opinberra rannsóknastofnana. Þar er kveðið á um að endurskilgreina eigi skipulag og starfshætti opinberra rannsóknastofnana með það að markmiði að sameina krafta þeirra og tengja starfsemi þeirra betur við háskólana og atvinnulífið í landinu. Starfshópur á vegum forsætisráðuneytisins vinnur nú að þessu verkefni. Rannsóknir í háskólum og hlutverk opinberra rannsóknastofnana eru jafnframt til nánari umfjöllunar í vísindanefnd og tækninefnd. Vísindanefnd telur að heppilegra hefði verið að náíð samráð hefði verið haft við nefndir Vísinda- og tækniráðs við undirbúning þeirra frumvarpa sem hér er veitt umsögn um. Nefndin bendir á mikilvægi þess að rannsókn- og vísindaumhverfið starfi sem ein heild. Hún telur því að æskilegt viðmið við endurskipulagningu starfsemi háskóla og rannsóknastofnana að horfa til þeirra þátta þar sem um samvinnu og samrekstur geti verið að ræða í stað þess að hólfa starfseminu niður eftir fagráðuneytum. Hæfur mannaflí og aðstaða er af skornum skammti hér á landi og ekki má láta óþarfar markalínur ráða því að forsendur til samstarfs séu að fullu nýttar.


Með vísun til ofangreindrar vísinda- og tæknistefnu fagnar vísindanefnd þó fyrir sitt leyti ákvörðun um að samþætta skuli menntun í þágu landbúnaðarins og rannsóknir sem tengjast atvinnugreininni. Víða erlendis eru rannsóknir og menntun til starfa í landbúnaði í nánun sambýli í öflugum stofnunum sem sinna kennslu og rannsóknum á þessu sviði. Vísindanefnd vekur jafnframt athygli á að margvíslegar rannsóknir sem gagnast landbúnaði eru þess eðlis að þær nýtast ekki eingöngu sérsviðum eða einstökum atvinnugreinum heldur hafa þær grundvallarþýðingu fyrir heil fræðasvið og fyrir fleiri en eina grein atvinnustarfsemi. Þannig má minna á að umtalsverður hluti lífvísindarannsókna eru stundaðar á vegum Háskóla Íslands og stofnana heilbrigðiskerfisins, og hafa skírskotun og þýðingu fyrir sjúkdóma í mörgum dýrategundum sem og mönnum. Í sameindalíffræði, erfðafræði, veirufræði og fleiri greinum skiptir ekki megin máli úr hvaða lífveru sýni eru tekin til rannsókna. Aðferðir og búnaður sem notaður er til rannsókna og sérþekking fræðimanna til að stunda rannsóknir á þessum sviðum verður að gagni án tillits til þessa. Samvinna við lífvísinda- og læknisfræðirannsóknir í landinu er því mikilvægur liður í að skjóta styrkum stöðum undir rannsóknir Landbúnaðarháskóla Íslands og um leið er sú starfsemi burðarás fyrir störf dýralækna og í heilbrigðiseftirliti með dýrum í landinu.

Það er mat nefndarinnar að nokkuð skorti á það í framlögðum frumvörpum að viðurkennd sé nauðsyn á fræðilegum tengslum við aðrar rannsóknastofnanir og háskóla í landinu. Þar má meðal annars nefna nokkrar deildir innan Háskóla Íslands, en einnig aðrar stofnanir á borð við Skógrækt ríkisins, einkum Tilraunastöð hennar, enda er fjallað um að meðal verkefna rannsóknasviðs Landbúnaðarháskóla Íslands séu rannsóknir á sviði meðferðar, ræktunar og nýtingar lands. Sama máli gegnir um Veiðimálastofnun og rannsóknastarfsemi á hennar vegum sem einnig heyrir undir landbúnaðarráðuneytið. Slíkt hefði styrkt og skotið fleiri fótum undir öflugt rannsóknasvið landbúnaðarháskólans. Þá er það misráðið að mati vísindanefndarinnar að ekki sé hugað að starfsemi Háskólans að Hólum í Hjaltadal og starfsemi við Garðyrkjuskólann í Hveragerði í samhengi við stofnun landbúnaðarháskólans. Varðandi kennslukrafta er brýnt að jafnan sé boðið upp á kennslu færustu sérfræðinga landsins og má þá einu gilda hver vinnustaður þeirra er að öðru leyti. Það er mat nefndarinnar að brýnt sé að skapa grundvöll fyrir öflugri samvinnu væntanlegs rannsóknasviðs Landbúnaðarháskólans við aðrar mennta- og rannsóknastofnanir í landinu og að íhuga beri hvort forsendur séu á því að haldin verði sameiginleg námskeið og samvinna höfð um skilgreiningar og vinnu að rannsóknarverkefnum.

Vísindanefnd telur afar mikilvægt að formleg tengsl takist með væntanlegum Landbúnaðarháskóla og Háskóla Íslands með tilnefningu þess síðarnefnda í stjórn skólans.

Fh. Vísindanefndar

e.u



Eiríkur Baldursson
ritari vísindanefndar